

4. mars 2015

Bifreiðastöð Reykjavíkur gerir eftirfarandi tillögur að breytingum á frumvarpi laga um farþegaflutninga í atvinnuskyni í máli 504 og þakkar jafnframt að fá að vera umsagnaraðili.

19.gr. Atvinnuleyfishafa er heimilt að selja öðrum einstakling atvinnuleyfi sitt sem samþykktur er af viðurkenndri bifreiðastöð og hefur starfað við afleysingar a.m.k. 200 daga auk að uppfylla önnur skilyrði er fram á er farið við úthlutun atvinnuleyfa. Atvinnuleyfi umfram þann fjölda sem er í gangi skal ráðuneytið selja nánar samkvæmt reglugerð.

20.gr. 9 Hafi atvinnuleyfishafi haft atvinnuleyfi í 10 ár eða lengur gildir það til 76 ára að öðrum kosti til 70 ára skal miða við afmælisdag. ( Á einnig við 23.gr ) Sá er hyggst stunda leigubifreiðastur skal skila sakavottorði sambærilegu og lögreglumenn og leikskólakennarar skila (man ekki hvað það er kallað). Atvinnuleyfishafa er einnig heimilt að leigja bifreið af bílaleigu til sérverkefna eða allt árið sé bílaleigan með leigubílaleigubjónustu.

21.gr. Við ákvörðun um fjölda atvinnuleyfa skal einnig haft samráð við leigubílastöðvar sem taka á móti a.m.k. 5.000 innhringingum á mánuði. Mæling skal sannreynd af viðurkenndu símafyrirtæki. Einnig skal tekið tillit til fjölda ferðamanna á árs grundvelli.

23.gr. Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína með afleysingabílstjóra 40 daga á hverju orlofsári. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu fær leyfishafi 15 daga viðbót við orlofsheimildina. Orlofsútgerð má aldrei vara lengur en 120 daga á ári.

24.gr. Það segir sig sjálft að atvinnuleyfishafi greiðir ekki hátt í 100.000kr. nema hann ætli að nýta þá bjónustu sem leigubílastöðin býður uppá. Þess vegna er lausnin í nýtingu að reglugerð geri kröfur um lágmarksfjölda til að opnunartími sé 24/7 allt árið og starfsmannafjöldi og launatengd gjöld í samræmi við það. Flutningur í farsíma allan sólarhringinn eða hluta sólarhrings á ekki að flokkast sem rekstur leigubifreiðastöðvar enda rekstrarleysið ekki til þess fallið að skila inn vsk tekjum í ríkissjóð á meðan stærri stöðvar bjónusta aðstöðu, auglýsingar og alla tæknilega bjónustu sem til þarf. Að framansögðu er óþarft að leggja í aukin kostnað og starfsmannahald í að fylgjast með vinnutíma leyfishafa.

25.gr. Þar sem tekjur leigubifreiðastöðva koma beint frá leyfishöfum eru það hagsmunir leigubifreiðastöðvanna að hafa þá í viðskiptum. En ef leigubifreiðastöð vill ekki hafa ákveðinn leigubifreiðastjóra í bjónustu sinni eru það næg rök, enda eru kröfur til manna mjög mismunandi eftir stöðvum. Því segir; Sé atvinnuleyfishafi ekki samþykktur á viðurkennda stöð skal hann selja atvinnuleyfi sitt eða leggja inn.

Að lokum gerir BSR athugasemd við ferðabjónustuleyfi að skilyrt sé að þær séu annað hvort fyrir 9 farþega eða fleiri eða séu betur búnar ( 4 x 4 ) og dýrari en meðal leigubifreiða og skal miða við E 200cdi með staðalbúnaði. Þetta á líka við um bifreiðar sem eru í bjónustu annarra ferðabjónustuaðila.

Með kveðju / Kindest Regards,



**Guðmundur Börkur Thorarensen**  
*Framkvæmdastjóri*